

**Sp.**

**349. Tillaga til þingsályktunar**

[178. mál]

um endurskoðun laga um lánasjóð íslenzkra námsmanna.

Flm.: Björgvin Salómonsson, Magnús Kjartansson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta semja og leggja fyrir næsta reglu-  
legt Alþingi tillögur um breytingar á lögum um lánasjóð íslenzkra námsmanna, er  
tryggi íslenzkum stúdentum við nám erlendis eigi lakari námskjör en stúdentar við-  
komandi lands njóta.

**Greinargerð.**

Á nýafstöðnu þingi Norðurlandaráðs í Stokkhólmi kom fram, að ríkisstjórn Ís-  
lands hefur farið þess á leit við ríkisstjórn Svíþjóðar, að íslenzkum stúdentum, er  
nám stunda við þarlanda háskóla, verði gert kleift að halda því áfram með sérstök-  
um styrkjum frá sænska ríkinu. Mun málið hafa fengið vinsamlegar undirtektir og  
vera nú í athugun hjá sænsku ríkisstjórninni.

Það er öllum ljóst, að íslenzkir námsmenn erlendis eiga í miklum og vaxandi  
erfiðleikum eftir síðustu gengisfellingu krónunnar, og við búið, að þeir verði margir  
hverjir að hverfa frá námi, ef ekki kemur til stóraukin opinber aðstoð við þá til þess  
að gera þeim unnt að kljúfa námskostnað sinn. Málaleitan íslenzku ríkisstjórnar-  
innar verður naumast skilin á annan veg en fullkomin viðurkenning á þessum stað-  
reyndum.

Allmiklar umræður urðu á Alþingi um kjör íslenzkra stúdenta erlendis eftir síð-  
ustu gengisfellingu, og m. a. hafnaði ríkisstjórnin öllum tillögum, sem gengu svo  
langt að tryggja það fullkomlega, að íslenzkir stúdentar erlendis hrökkluðust ekki  
heim frá námi sínu vegna afleiðinga gengisfellingarinnar. Þær bætur, sem ríkis-  
stjórnin taldi þá fullnægjandi, nálgast engan veginn það mark. Af þrautagöngu for-  
sætisráðherra á fund sænskra stjórnarvalda í þessu máli má ætla, að ríkisstjórnin  
hafi nú gert sér þetta ljóst.

En að sjálfsögðu eiga allir íslenzkir stúdentar erlendis jafnan siðferðilegan rétt  
á sambærilegri fyrirgreiðslu af hálfu ríkisvaldsins. Flutningsmenn leggja því til, að  
endurskoðuð verði lög um lánasjóð íslenzkra námsmanna með það fyrir augum að  
 tryggja íslenzkum stúdentum eigi lakari námskjör en tíðkast meðal annarra menn-  
ingarþjóða.